



1 Ef breyta á síðunúmerum

Ef breyta þarf númerum blaðsíðna eru til nokkrar leiðir til þess. Hér verða skoðaðar tvær útfærslur:

1. Ef einungis á að sleppa fyrstu síðu: Ef síða á eftir forsíðu á að vera númer eitt.
2. Ef breyta þarf meiru, t.d. að sleppa blaðsíðutali á tveimur eða fleiri síðum í upphafi skjals, eða vilt hafa sjálfstætt blaðsíðutal innan hvers kafla.


1.1 Ef síða á eftir forsíðu á að vera númer eitt

Ef síða á eftir forsíðu á að vera númer 1 og þú sleppir að hafa blaðsíðutal á fyrstu síðu þá gerir þú eftirfarandi:


1. Þú setur inn blaðsíðutal eins og venjulega og þá ætti skjalið að vera formað eins og þetta:

Forsíða		
1	2	3


2. Farðu í fótinn og þá ætti að opnast **1** borðinn Header & Footer Tools -> Design Veldu þar **2** Different First page.




- Farðu nú á blaðsíðutalið á síðu 2 og veldu númerið (blaðsíðutalið). Opnaðu borðann Header & Footer Tools -> Design. Veldu þar Page Number -> Format Page Number:



- Breyttu Start at í núll (0)



- Nú ætti blaðsíðutalið að vera með þessum hætti:



1.2 Meiri breyting á blaðsíðutali


Ef gera á meiri breytingar á blaðsíðutali en nefnt var í kaflanum á undan þá þarftu að skipta skjalinu í hluta með því að nota **Section Break**.

Með því að skipta upp skjalinu í hluta (*e. section*) getur þú m.a. breytt blaðsíðutali í hverjum hluta fyrir sig og einnig tekið kaflaheiti í hverjum hluta fyrir sig og sett í haus eða fót (sjá í SW2 Setja kaflaheiti í haus eða fót).




Ef þú vilt sleppa blaðsíðutali á fleiri en einni síðu í upphafi skjals þá þarftu að gera eftirfarandi.

1. Farðu neðst í textann sem er í efnisyfirlitinu (þ.e. neðst í textann **ÁÐUR** en nýja blaðsíðutalið á að byrja) og á borðanum Page Layout velur þú Breaks og þar Next Page.




2. Því næst ferðu í fótinn í fyrstu blaðsíðu þessa nýja hluta (númer 3 hér á myndinni). Þar afmerkir þú **Link to Previous**.



3. Opnaðu borðann Header & Footer Tools -> Design.

Veldu þar Page Number -> Format Page Number og veldu hvaða númer þú vilt byrja á í þessum hluta.

4. Nú getur þú farið á fyrri síðurnar og eytt burtu blaðsíðutalinu þar.



Sjá meiri skyndihjálp á Netinu: www.jonfreyr.com/skyndihjalp